

Stjórnarfundur 12.07.2019, kl: 10:00.

Fundurinn var símafundur, mættir til fundar voru:

Jón Páll Hreinsson

Guðmundur Gunnarsson

Þorgeir Pálsson

Ingibjörg Benediksdóttir

Rebekka Hilmarsdóttir boðaði forföll og kom engin í hennar stað á fundinn.

Sif Huld Albertsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerð:

1. Trúnaðarmál

Trúnaðarmál tekið fyrir og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Umsókn í Hvestu

Framkvæmdastjóri leggur fram umsókn í Hvestu, einnig liggur fyrir samþykki vinnumálastofnunnar um starf í Hvestu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Ísafjarðarbæ vegna umsóknar.

3. Beiðni Bolungarvíkurkaupstaðar um nýjan þjónustusamning við BsVest

Lögð fram beiðni Jóns Páls Hreinssonar bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar um breytingar á þjónustusamning við BsVest.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að uppfæra þjónustusamning Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar í samræmi við þær breytingar sem hafa átt sér stað og í samráði við sveitarfélögin tvö.

4. Sumarfrí framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir fyrir stjórn að hún muni taka sér sumarfrí í lok júlí og fram í ágúst.

5. Önnur mál.

a) Ingibjörg Benediksdóttir óskar eftir lausn frá störfum stjórnar BsVest, vegna flutnings.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningu um aðalman í stjórn BsVest frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga (FV), þar sem Ingibjörg Benediksdóttir kemur inn fyrir hönd stjórnar FV.

Fundi slitið 10:43

Sif Huld Albertsdóttir
Framkvæmdastjóri BsVest